

**Greinargerð vegna framvindu umbóta í tengslum við  
ytra mat MMS á skólastarfi í Árskóla  
- Framvinduskýrsla 2022-2024**

Samkvæmt umbótaáætlun ytra mats var ráðgert að eftirfarandi þáttum væri lokið fyrir vorið 2024. Staða einstakra þátta er eftirfarandi:

**Svið I - Stjórnun og fagleg forysta**

Fylgja því eftir að skólaráðið haldi opinn fund fyrir skólasamfélagið.

*Lokið.*

- Fundur var haldinn 5. febrúar 2024 þar sem saman komu fulltrúar úr skólaráði, stjórn foreldrafélagsins, stjórn nemendafélagsins og bekkjartengiliðir og stjórnendur. Unnið var í blönduðum umræðuhópum að mati á skólastarfinu, auk þess sem hóparnir skiluðu tillögum að umræðuefni á slíkum fundum í framtíðinni.

Huga að því að allt nýtt starfsfólk fái leiðsögn og stuðning við upphaf starfs.

*Lokið að hausti 2023.*

- Útbúinn var gátlisti yfir móttöku nýrra starfsmanna. Þegar nýtt starfsfólk tekur til starfa í Árskóla fær það formlegt viðtal við næsta yfirmann og kynningu á þeim atriðum sem varða vinnustaðinn og starfsemi hans. Annað viðtal fer fram u.þ.b. tíu dögum síðar, þar sem starfsmanni gefst kostur á að spyrja spurninga og ræða atriði sem e.t.v. eru óljós. Nýir starfsmenn eru undir handleiðslu næsta yfirmanns.

Skrá og birta formlega símenntunaráætlun út frá stefnu skólans og þróunarverkefnum.

*Lokið.*

- Símenntunaráætlun skólaársins 2023-2024 er komin á vefinn og verður uppfærð árlega.

Skrá þróunarverkefni og ábyrgðaraðila þeirra í skólanámskrá, starfsáætlun eða á [heimasíðu](#) skólans.

*Lokið í janúar 2024, verður uppfært reglulega.*

- Á yfirstandandi skólaári er eitt nýtt þróunarverkefni í farvatninu „See the good“. Búið er að kynna það fyrir starfsfólki með fræðslufundi nú í janúar. Gert er ráð fyrir að verkefnið fari af stað á nýju skólaári.

Stjórnendur fylgist með námi og kennslu og veiti endurgjöf. *Lokið skólaárið 2023-2024.*

- Skólastjórnendur hafa gert sér far um að heimsækja kennslustundir reglulega og fylgjast með kennslu þó ekki hafi enn tekist að formgera slíkar heimsóknir.
- Unnið er að formlegu ferli endurgjafar í BravoLesson. Áfram munu deildarstjórar fylgjast með námi og kennslu og funda reglulega með árgangateymum.

Uppfæra heimasíðu skólans reglulega.

*Lokið í upphafi skólaárs 2023.*

- Skipaður var sérstakur umsjónarmaður heimasíðu skólans. Heimasíðan er uppfærð reglulega og fleiri með aðgang að því að setja inn upplýsingar.

## **Svið II – Nám og kennsla**

Birta í námsáætlunum hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og lykilhæfni.

*Í vinnslu og verður lokið fyrir vorið.*

Gera grein fyrir samþættingu námsgreina í skólanámskrá og birta í námsáætlunum lýsingu á samþættum námsverkefnum.

*Lokið.*

- Í námsáætlunum og skólanámskrá er gerð grein fyrir því hvernig viðeigandi námsgreinar eru samþættar.

Í námsáætlunum komi fram hvernig nám er lagað að þörfum einstaklinga.

*Lokið.*

- Umfjöllun um hvernig nám er lagað að þörfum einstaklinga var sett í allar námsáætlanir á vef skólans.

Gera hæfniviðmið sýnilegri í öllum námsgreinum.

*Lokið.*

- Hæfniviðmið eru sýnileg í öllum námsáætlunum skólans. Unnið er því að kennarar vinni markvissar að því að gera hæfniviðmið sem unnið er með hverju sinni sýnileg á verkefnum og í kennslustofum.

Kynna nemendahópnum hvað fram fer í skólaráði og stjórn nemendafélags.

*Lokið.*

- Fulltrúar í stjórn nemendafélagsins fóru í alla bekki í vetur og kynntu starf nemendafélagsins og hlutverk fulltrúa félagsins í skólaráði.

Kynna foreldrum hvernig þeir geta fylgst með námsmarkmiðum barns síns.

*Lokið.*

- Á kynningarfundum sem haldnir voru í upphafi skólaárs í öllum árgöngum var foreldrum markvisst kynnt hvernig þeir geta fylgst með námsmarkmiðum barns síns.

Setja tónmennt á stundaskrá nemenda.

*Lokið.*

- Sl. tvö skólaár hefur tónmennt verið á stundaskrá nemenda í 1. - 7. bekk og í vetur í 1. - 8. bekk.

Þjálfarar nemendur í að setja sér markmið í námi og að meta eigin árangur.

*Lokið.*

- Unnið er að því að þjálfarar nemendur í þessum þætti. Samkvæmt árlegri skimun starfsmanna vorið 2023 sögðu 64,3% að þessi þáttur væri í góðu eða mjög góðu lagi og 19,6% að hann væri fullnægjandi. Ljóst er að halda þarf áfram að vinna með þennan þátt í skólastarfinu.

Þjálfarar nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum og undirbúa fulltrúa þeirra til setu í stjórn nemendafélags og skólaráði.

*Lokið.*

- Nemendur fá þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum með þátttöku í umræðum á reglulegum bekkjarfundum og fulltrúar nemenda í stjórn nemendafélagsins eru kosnir í lýðræðislegri kosningu af bekkjarfélögum og funda þeir reglulega með deildarstjóra.

**Svið III - Innra mat**

Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.

*Áætluð lok í febrúar 2024.*

- Greinargerð þessa skólaárs er í vinnslu og verður sett á heimasíðu skólans.